

1872.

4. júní.

þessu að senda enskt herskip til Íslands undir lok júlímán., sem nú fer í hönd, til þess það hafi þar stöðvar ágústmán. allan, og að skipið eptir undirlagi dómsmálastjórnarinnar einkum komi við fyrir norðan og austan.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss, að tilkynna yður (tit), yður til leiðbeiningar.

66. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundargjald af Eiríkstöðum.

7. júní.

Í bréfi, dagsettu 31. oktbr. f. á., hafið þér, herra amtmáður, borið undir stjórnarráðið til úrslita bænarskrá nokkra með fylgiskjölum og álit hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem ekkjan Guðrún Guðlögisdóttir á Eiríkstöðum í Norðurmúlasýslu hefir sókt um, að hún verði undanþegin að gjalda framvegis konungstíund af eignarjörð sinni Eiríkstöðum og hjáleigunni Hnefaseli, sem allt til 1863 heyrði Skeggjastaða kirkju til, og var seld henni með afsalsbréfi stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettu 18. marzm. s. á.; þar með biður hún um, að hlutazt verði til að sú konungstíund, sem sè greidd frá árinu 1863, verði borguð henni aptur. Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um bænarskrá þessa, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að með því eigi verður sèð, að jörðunni hafi verið áskilið tíundarfrelsi, þá er hún var seld frá kirkjunni, þá verði að alita eptir almennum gildandi reglum, að eigi að greiða af henni tíund, og verður það því eigi veitt, sem sókt var um.